




Þekkingarnet
Þingeyinga

SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ

á Norðurlandi
Verkefnisáætlun 2017



Október 2016

Janúar 2017

Þekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Uppskipun Mynd: Óþekktur
Sjómanna dagur á Húsavík Mynd: Óþekktur
Mæru dagur á Húsavík Mynd: Óþekktur
Á sjó Mynd: Óþekktur

Ábyrgð/ritstjórn:
Óli Halldórsson

Framkvæmd:
Helena Eydís Ingólfssdóttir
Óli Halldórsson

Útgáfa 1.3. 10. janúar 2017

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1 SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐURLANDI	3
2 VERKÞÆTTIR	4
2.1 FORSENDUR.....	4
2.2 STÝRIHÓPSFUNDIR.....	4
2.3 VÍ SAR	5
2.4 VEFSÍÐA.....	6
2.5 VÖKTUN.....	6
2.6 KYNNING Á VERKEFNI.....	7
2.7 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA.....	7
2.8 ÁFANGAR – STAÐA VERKÞÁTTA	8
2.9 ALMENN UMSÝSLA OG STJÓRNUN.....	8
3 TÍMAÁÆTLUN	9
4 UMFANG OG KOSTNAÐUR	9
4.1 FORSENDUR.....	9
5 SAMANTEKT	11

1 SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐURLANDI

Þann 31. ágúst síðastliðinn fól Landsvirkjun Þekkingarneti Þingeyinga sem farið hefur með verkefnisstjórn Sjálfbærni-verkefnisins á Norðurlandi að útbúa annars vegar verkefnisáætlun vegna vinnu við Sjálfbærni-verkefnið á Norðurlandi í nóvember og desember 2016 og reikna út kostnað vegna þess og hinsvegar að útbúa verkefnisáætlun vegna vinnu við verkefnið frá 1. janúar 2017-31. desember 2017.

Frá því að stýrihópur verkefnisins kom síðast saman hefur farið fram samráð við fagaðila á sviði umhverfis-, efnahags- og samfélagsmála ásamt samráði við almenning og hagsmunaaðila á áhrifasvæði verkefnisins. Unnið hefur verið úr þeim ábendingum og tillögum sem komu fram í samráðinu og er afrakstur þeirrar vinnu að finna í framvinduskýrslu frá því í júnímánuði.

Af þeim sem eiga aðild að verkefninu og hafa tilnefnt fulltrúa í stýrihóp þá hefur Landsvirkjun verið eini eigandi verkefnisins en frá upphafi hefur staðið til að fjölga eigendum. Unnið hefur verið að því á undanförunum misserum og hefur Landsvirkjun hafið viðræður við fulltrúa Landsnets og PCC um aðkomu að verkefninu og mótun samkomulags milli nýrra eigenda. Slíku samkomulagi er ætlað að formgera vettvang eigenda verkefnisins sem munu sjá um rekstur þess á vöktunartíma.

Þekkingarnet Þingeyinga sem farið hefur með verkefnisstjórn hefur myndað teymi innan Þekkingarnetsins sem unnið hefur að framgangi verkefnisins. Teymið er skipað Helenu Eydísi Ingólfsdóttur, sem starfar sem verkefnisstjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga og hefur verið í hlutverki verkefnisstjóra Sjálfbærni-verkefnisins, Óli Halldórsson, forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga.

Næstu skref verkefnisins byggja á þeim gögnum sem eru fyrirliggjandi, gerð samkomulags milli eigenda verkefnisins um rekstur þess og eignarhald, ákvörðun um skilgreiningu áhrifasvæðis, val á vísnum og taka ákvörðun um vefsíðu verkefnisins.

Vísarnir eru í dag 35 talsins og skiptast nokkuð jafnt á milli þriggja stoða sjálfbærni, samfélags, umhverfis og efnahags. Þróun vísanna er vel á veg komin. Gert er ráð fyrir að nýir eigendur verkefnisins fái tækifæri til að hafa áhrif á mótun þeirra vísa sem nú liggja fyrir, gera tillögur að nýjum vísnum sem og tillögur að því að hafna vísnum sem koma fram í núverandi tillögu. Þá er einnig gert ráð fyrir að stýrihópur taki afstöðu til vísanna við lok mótunarferils þeirra.

Hér á eftir birtist tillaga Þekkingarnetsins að verkefnisáætlun Sjálfbærni-verkefnisins á Norðurlandi frá **1. janúar til 31. desember 2017** ásamt áætluðum kostnaði vegna reksturs verkefnisins á tímabilinu.

Í áætluninni eru eftirfarandi:

- a. Verkpættir
- b. Tímaáætlun
- c. Umfang og kostnaður
- d. Samantekt

2 VERKÞÆTTIR

2.1 FORSENDUR


Forsendur áframhaldandi vinnu við Sjálfbærni- og Verkefni á Norðurlandi eru eftirfarandi:

- Núverandi tillaga að vísu Sjálfbærni- og Verkefnisins á Norðurlandi.
- Vinna samkvæmt verkefnisáætlun vegna nóvember og desember 2016.

Framundan er að fjölga eigendum Sjálfbærni- og Verkefnisins á Norðurlandi og móta samkomulag á milli þeirra um rekstur þess og eignarhald. Sú vinna er á höndum starfsmanna Landsvirkjunar. Endanlega ákvörðun um vísu verkefnisins verður tekin þegar eigendur hafa fengið tækifæri til að kynna sér og hafa áhrif á vísana sem þegar liggja fyrir og eru byggðar á niðurstöðum samráðs við fagaðila, almenning og hagsmunaaðila á áhrifasvæði verkefnisins. Einnig þarf að gera ráð fyrir þeim möguleika að nýir eigendur muni vilja bæta við og/eða fækka vísu sem tengjast starfsemi þeirra.

Þegar eignarhaldið liggur fyrir munu eigendur taka ákvörðun um hverjir verða endanlegir vísar verkefnisins að undangenginni kynningu og hugsanlegum breytingartillögum.

Ráðgert er að hefja formlega vöktun 1. janúar 2017 en birting gagna er fyrst möguleg þegar vefsíða verkefnisins verður tilbúin. Samhliða því að vöktun hefst verður áhersla lögð á að undirbúa, og smíða, vefsíðu verkefnisins og framsetningu efnis á henni. Einnig verður unnið að greiningu kostnaðar vegna þeirra vísu sem útheimta sérstakar keyrslur á gögnum hjá opinberum aðilum eða aðkeyptrar rannsóknarvinnu.



Mynd 1. Vinnuferill 1. nóvember 2016-31. desember 2017.

Í verkefnisáætlun 2017 eru skilgreindir átta verkþættir: Stýrihópsfundur, vísar, vefsíða verkefnis, vöktun, kynning, aðkeypt þjónusta, áfangaskil og almenn umsýsla og stjórnun. Verkþættirnir eru nánar skilgreindir hér á eftir það er hvað þeir innihalda og hvernig er áformað að vinna að þeim.

2.2 STÝRIHÓPSFUNDIR

Frá því að verkefnið var endurvakið af Landsvirkjun síðla árs 2014 hefur stýrihópur verið í lykilhutverki við ákvarðanatöku hvort sem um hefur verið að ræða vísu, þá þætti sem þeim er ætlað að mæla, eða ferlið sem unnið hefur verið eftir við mótun vísanna þar með talið samráðsferlið sem fór fram síðastliðinn vetur. Gert er ráð fyrir að hlutverk stýrihóps verði áfram veigamikilið, að stýrihópurinn muni gera tillögu að breytingum og/eða nýjum vísu

verkefnisins, vefsíðu, vöktun eða hvað annað sem upp kann að koma og hefur áhrif á framvindu verkefnisins.

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir a.m.k. tveimur stýrihópsfundum. Verður efni þeirra og tímasetning ákveðin á fyrirhugðum fundi hópsins í janúar.

Stýrihópsfundur í mars:– Fundarstaður: Skútustaðahreppur

Yfirferð á framgangi og stöðu verkefnis

Stýrihópsfundur í október: Efni: Vefsíða og kynning verkefnis – Fundarstaður: Þingeyjarsveit

Kynning á vefsíðu verkefnisins

Kynning á framvindu vöktunar verkefnisins

Kynning verkefnis fyrir íbúum á Miðsvæði

Til fundanna verður boðað með mánaðar fyrirvara. Lögð verður áhersla á að ná þátttöku allra fulltrúa sem tilnefndir eru í stýrihópinn. Fundirnir munu fara fram á miðsvæði og til skiptis í sveitarfélögunum þremur sem aðild eiga að verkefninu.

2.3 VÍRAR

Vísar Sjálfbærni- og verkefnisins á Norðurlandi eru kjarni verkefnisins. Þeir gefa til kynna þá þætti sem ætlunin er að fylgjast með á miðsvæði og með hvaða hætti vöktun mun fara fram. Fyrirliggjandi er tillaga sem hefur verið í þróun á undanförunum misserum og sem hefur gengið í gegnum samráðsferli við almenning, hagsmunaaðila og fagaðlia. Í meginatriðum eru það tvö atriði í tengslum við þróun vísanna sem vinna þarf að á árinu 2017.

Í fyrsta lagi þarf að ljúka við þróun vísanna og í öðru lagi þarf að greina kostnað við gagnaöflun vegna vísanna.

Með aðkomu nýrra eigenda sem lítinn eða engan þátt hafa tekið í verkefninu hingað til má gera ráð fyrir að gera þurfi breytingar á einstökum vísnum svo tryggt sé að mælingar þeirra nái til starfsemi nýrra eigenda. Einnig má gera ráð fyrir að nýir eigendur muni vilja bæta við vísnum sem tengjast eigin starfsemi. Verkefnisstjóri mun þá vinna að því í samráði við tengiliði nýrra eigenda og í samráði við stýrihóp. Lagt er upp með að upphaf þeirrar vinnu verði fundur þar sem vísarnir verði kynntir nýjum aðilum. Í framhaldi af því fáir þeir tíma til að gera tillögu að nýjum vísnum sem og breytingar á fyrirliggjandi vísnum. Að loknum þeim tíma sem nýjum eigendum verður gefinn til að kynna sér vísana munu þeir verða lagðir fyrir stýrihóp verkefnisins til kynningar ásamt öðrum vísnum verkefnisins.

Þeir vísar sem nú liggja fyrir útheimta fæstir sérstakan auka kostnað við gagnaöflun. Í flestum tilfellum byggja vísarnir á opinberum gögnum sem liggja fyrir hjá opinberum stofnunum líkt og Hagstofu Íslands, Landlæknisembætti og Ríkislögreglustjóra. Nokkrir vísar eru þess eðlis að til að fá tölfraðilega marktæk gögn fyrir svokallað miðsvæði þarf að leggja inn beiðni um sérkeyrslu á gögnum gegn gjaldi. Þá eru nokkrir vísar þess eðlis að óska þarf formlega eftir því við Hagstofu Íslands og fleiri slíka aðila að þeir annað hvort stækki úrtak sitt fyrir svæðið svo að gögn þeirra verði marktæk fyrir svæðið eða að byggja vöktun þeirra á 5 ára meðaltali til að fá nálgun á niðurstöður þeirra. Slíkar beiðnir hafa óhjákvæmilega í för með sér kostnað við gagnaöflunina. Þann kostnað verður fyrst hægt að greina til hlítar þegar svör hafa borist frá viðkomandi aðilum um sérkeyrslu gagna. Í einum vísi gert ráð fyrir sérstakri aðkeyptri

rannsókn á 5 ára fresti. Rannsóknin byggir á sýnatöku úr sjávarlífverum og efnagreiningu á þeim.

Verkþætti telst lokið þegar vísar hafa verið ákveðnar og heildarkostnaður vegna sérkeyrslu gagna, stærri úrtaka og aðkeyprtar rannsóknar liggur fyrir.

2.4 VEFSÍÐA

Í verkefnisáætlun Sjálfbærni-verkefnisins fyrir árið 2017 er miðað við og lagt til að annað hvort verði...

1. Valinn sá kostur að verkefnið eigi heimasíðu með Sjálfbærni-verkefninu á Austurlandi.
2. Notaður sérstakur vefsíðugrunnur, t.d. grunnur/kerfi sem þegar er í eigu Landsvirkjunar við smíði á vefsíðu fyrir verkefnið.
3. Ný síða smíðuð sérstaklega fyrir verkefnið.

Fyrsti kosturinn býður upp á tvo möguleika, annars vegar óbreyttan vef fyrir utan að Sjálfbærni-verkefnið á Norðurlandi fengi sitt rými á síðunni og hins vegar að nýr sameiginlegur vefur yrði smíðaður. Síðari tveir kostirnir kalla á að verkefninu verði valið nýtt heiti og lén. Í öllum tilfellum þarf að hafa samstarf við vefsmíði um hönnun á útliti og um það hvernig efnisþættir verða birtir á heimasíðunni s.s. saga verkefnisins, upplýsingar um eigendur og stýrihóp, fróðleikur um sjálfbærni og vísar verkefnisins sem birtir verða á vefsíðunni. Verði fyrsti kosturinn fyrir valinu mun einnig þurfa að vinna vefsíðuna í þéttu samstarfi við verkefnisstjóra, eigendur og stýrihóp Sjálfbærni-verkefnisins á Austurlandi.

Gert er ráð fyrir að við upphaf vinnunnar fari verkefnisstjóri eina ferð til Reykjavíkur og vinni með hönnuðum vefsíðunnar að útliti og uppsetningu og skiptir þá í raun ekki máli hvaða leið verður valin því ljóst er að til að verkefnið tvö geti deilt vefsíðu þarf að breyta vef Sjálfbærni-verkefnisins á Austurlandi. Að þeirri vinnu lokinni mun verkefnisstjóri geta hafið vinnu við innsetningu á efni tengdum verkefninu.

Verkþætti telst lokið þegar vefsíða er tilbúin til birtingar.

2.5 VÖKTUN

Ráðgert er að miða við vöktun vísa í Sjálfbærni-verkefninu á Norðurlandi til að fylgjast með breytingum á samfélagi, efnahag og umhverfi á miðsvæði hefjist 1. janúar 2017. Vöktun felur í sér að gagna er aflað hjá opinberum aðilum og gögnin sett fram með skýrum og aðgengilegum hætti svo þau geti á sem bestan hátt nýst til að mynda í skólustarfi á áhrifasvæði verkefnisins, fyrir almenning til upplýsingar og fyrir fræðimenn sem hluti að rannsóknum eða tilefni til ritunar fræðigreina. Þegar unnið hefur verið úr gögnum og þau eru orðin hæf til birtingar verða þau gerð aðgengileg á vefsíðu verkefnisins.

Í framvinduskýrslu frá í júní á þessu ári var útbúið og birt skema fyrir hvern og einn vísir þar sem meðal annars var tilgreint með hvaða hætti gögn verða birt, t.d. í töflu eða myndriti. Það skema liggur til grundvallar þegar unnið verður úr gögnum. Stýrihópur mun fá tækifæri til að hafa áhrif á framsetningu gagna þegar ákvörðun um vísar liggur fyrir og verður það verkefni verkefnisstjóra að endurskoða skemað miðað við breytingarnar sem kunna að verða. Þegar vöktun mun hefjast verða sótt gögn vegna árána 2015 sem er skilgreindur núll punktur verkefnisins og ársins 2016. Í einhverjum tilfellum verður gagna einnig aflað vegna ársins 2017. Þó ber að hafa í huga að ekki verða allir vísarnir vaktaðir árlega heldur líður lengri tími á

milli. Dæmi um vísa sem vaktaðir verða árlega eru lýðfræðivísar en dæmi um vísi sem er vaktaður á nokkurra ára fresti er vísir um líðan skólabarna. Gögn vegna vöktunar verða birt jafnóðum og þau eru tilbúin og því ætti vefur verkefnisins að geta orðið mjög lifandi og virkur og vakið umtalsverðan áhuga á verkefninu.

Verkþætti telst lokið þegar unnið hefur verið úr þeim gögnum sem aðgengileg verða á árinu 2017 vegna árána 2015 og 2016 og þau birt á vef verkefnisins.

2.6 KYNNING Á VERKEFNI

Sjálfbærniverkefnið á Norðurlandi fór fyrst af stað árið 2008. Það lá í dvala frá árinu 2012-2014 þegar Landsvirkjun hóf vinnu við að endurvekja það. Verkefnið fór á sínum upphafsárum í gegnum lýðræðislegt ferli þar sem hagsmunaðilum og almenningi var boðin aðkoma. Þá var hagsmunaðilum og almenningi aftur boðið að eiga aðkomu að verkefninu í samráðsferli síðastliðinni vetur. Þar fyrir utan hefur verkefnið hlotið litla umfjöllun eða kynningu á áhrifasvæði þess. Verkefni eins og Sjálfbærniverkefnið á Norðurlandi þar sem verið er að fylgjast með breytingum á samfélags-, umhverfis- og efnahagslegum þáttum felur í sér gríðarleg verðmæti fyrir íbúa, skóla, fyrirtæki og stofnanir bæði innan áhrifasvæðis og utan. Þau gögn sem verða til í verkefninu geta verið uppspretta ýmissa verkefna á öllum skólastigum, rannsókna og fræðigreina fyrir rannsakendur. Einnig geta þau sýnt hvar eru tækifæri fyrir opinbera aðila og einkaaðila til að bregðast við og bæta eða auka þjónustu eða lagfæra eitthvað sem aflaga hefur farið. Til að gögnin nýtist sem best á þennan hátt þurfa sem flestir að þekkja til verkefnisins og heimasækja vef þess reglulega til að sækja sér upplýsingar og fróðleik. Verkefnið þarf að kynna vel á miðsvæðinu.

Við kynningu á verkefninu verður lögð áhersla á að kynna það í skólum með því að heimsækja alla skóla á svæðinu. Þá verður lögð áhersla á að kynna það íbúum, fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu með greinum. Þá verður einnig lögð áherslu á að upplýsa staðarmiðla um verkefnið, svo sem Skarp, Vikudag, N4 o.fl. miðla þar sem gildi upplýsingagjafar og jákvæðrar umfjöllunar er mikilvæg.

Þegar búið verður að afla gagna vegna allra vísa fyrir árin 2015 og 2016 og birta gögn vegna þeirra verður einnig þarft að kynna sérstaklega svokallaða núll stöðu ársins 2015. Sú kynning gæti farið fram í janúar 2018.

Verkþætti telst lokið þegar allir skólar á miðsvæði hafa verið heimsóttir og verkefnið kynnt þar meðal starfsfólks og nemenda eftir því sem við á og þegar staðarmiðlar hafa verið upplýstir um verkefnið og markmið þess.

2.7 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu vegna eftirfarandi þátta:

- Ferð verkefnisstjóra vegna vinnu við heimasíðu
- Ferðir meðlima stýrihóps vegna stýrihópsfunda
- Kaup á léni og hýsingu ef verkefnið fær sérstakan vef.
- Hönnun og smíði vefsíðu ef verkefnið fær sérstakan vef.
- Aðkeypt rannsókn vegna mælinga á eiturefnum í dýralífi sjávar.
- Sérkeyrslur gagna/stækkun úrtaks frá Hagstofu Íslands, Ríkisskattstjóra og Þjóðskrá.

Sá kostnaður sem mun hljóttast af gagnaöflun vegna vísa mun skýrast nánar á fyrstu mánuðum ársins 2017 en áætlaður kostnaður er birtur í kostnaðaráætlun í kafla 4.

2.8 ÁFANGAR – STAÐA VERKÞÁTTA

Tvisvar á árinu 2017 er gert ráð fyrir að verkefnisstjóri taki saman greingerð þar sem stöðu verkefnisins. Annars vegar í júní og hinsvegar í desember. Greinargerðirnar munu innhalda upplýsingar um stöðu þeirra verkþátta sem tilgreindir eru í verkefnisáætlun fyrir árið 2017. Þá mun hún innhalda endurskoðaða áætlun ef þörf er á, til að mynda ef verkþættir breytast í meðförum stýrihóps eða ef tafir verða á eigendasamkomulagi.

Verkþætti telst lokið þegar greinargerðum hefur verið skilað og skilafundir verið haldnir með eigendum.

2.9 ALMENN UMSÝSLA OG STJÓRNUN

Almenn umsýsla felur í sér samskipti, samráð og samstarf við meðal annars stýrihóp, tengilið Landsvirkjunar og teymisvinnu meðal starfsmanna umsjónaraðila sem fer með verkefnisstjórn ásamt stjórnun og utanumhaldi með framgangi verkefnisins.

Gert er ráð fyrir reglubundnum samskiptum við tengilið Landsvirkjunar í gegnum tölvupóst og síma og mynd-/símafundi að minnsta kosti við skil á stöðu um miðbik ársins 2017 og í árslok 2017. Þá er gert ráð fyrir að innanhúss teymi umsjónaraðila hafi reglubundið samráð og samstarf sín á milli um framvindu og framgang verkefnisins.

Verkþætti telst lokið þegar öllum verkþáttum verkefnisins hefur verið lokið.

3 TÍMAÁÆTLUN

Tímaáætlunin hér að neðan sýnir með hvaða hætti tíma verður varið í vinnu vegna verkefnisins og hvenær unnið er að hverjum verkþætti. Verkþættirnir og innihald þeirra ásamt því hvernig verður unnið að þeim hefur þegar verið líst hér að framan í köflum 2.1.1-2.1.9.

Tafla 1. Tímaáætlun vegna vinnu á árinu 2017

	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Stýrihópsf undir	3		10							10		
Visar	17	15	20	20	20							
Vefsíða	15	50	30	30	40	5		35	35	10	15	15
Vöktun	20	30	19	15	20	57		45	30	30	30	20
Kynning á verkefni									15	5		
Almenn umsýsla og stjórnun	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8
Áfangar: Staða verkþátta						14						14
Tímafjöldi ***	63	103	87	73	88	84	8	88	88	63	53	57
Eigenda-samkomulag*												
Aðkeypt þjónusta*	25	40	55	25	10	29		103	5,5	15,5	0,5	0,5

*Vinna við eigendasamkomulag er á höndum starfsfólks Landsvirkjunar svo umfang hennar verður ekki tiltekið hér.

**Aðkeypt þjónusta er sett fram sem tímaeining og á við um ferðakostnað, rannsóknþjónustu og kaup á léni og hönnun og hýsingu vefsíðu Sjálfbærni-verkefnisins á Norðurlandi.

***Tímafjöldi á við um vinnutíma en ekki aðkeypta þjónustu.

4 UMFANG OG KOSTNAÐUR

4.1 FORSENDUR

Forsendur fyrir umfangi og kostnaði við Sjálfbærni-verkefnið á Norðurlandi og rekstur þess byggja á eftirfarandi þáttum.

- Núverandi tillaga að vísun Sjálfbærni-verkefnisins á Norðurlandi.
- Vinna sem fara á fram samkvæmt verkefnisáætlun vegna nóvember og desember 2016.
- Fjölgun eigenda.

ÁÆTLUN 2017

Verkefnisvinna/umsjónaraðili	Jan	Feb	Mars	April	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Samt.
Vísar													0
Greining á kostnaði vegna vísa	15	15											30
Þróun vísa vegna nýrra eigenda			20	20	20								60
Fært frá 2016 - þróun vísa: Vísir 2.7****	2												
Vefsíða													0
Undirbúningur og samstarf v. útlits		50	30	15	25	5		5	5				135
Innsetning efnis/frétta				15	15			30	30	10	15	15	130
Fært frá 2016 - undirbúningur****	15												
Vöktun													0
Þróun													0
Gagnaöflun	20	30	19	15	20	20		10	10	10	10	10	174
Úrvinnsla og framsetning gagna						37		35	20	20	20	10	142
Almenn umsýsla og stjórnun													0
Samráð, samskipti	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	96
Kynning verkefnis									15	5			20
Stýrihópsfundir			10							10			20
Fært frá 2016 - stýrihópsfundur****	3												
Áfangar													0
Greinargerð vegna stöðu verkefnis						14						14	28
Samtals umsjónaraðili tímar/mán	63	103	87	73	88	84	8	88	88	63	53	57	835
Umsjónaraðili uppsafnað	63	166	253	326	414	498	506	594	682	745	798	855	
Aðkeypt þjónusta*													0
Stýrihópur													0
Ferðakostnaður-stýrihópur	15		15							15			45
Ferðakostnaður-verkefnisstjóri	10												10
Aðkeypt rannsóknþjónusta**													0
Mengunarefni í dýralífi sjávar								60					60
Sérkeyrslur gagna vegna miðsvæðis						24		37					61
Vefsíða													0
Hönnun***		40	40	25	10	5		5	5				130
Rekstur vefsíðu**								1	0,5	0,5	0,5	0,5	3
Samtals aðkeypt í mánuði	25	40	55	25	10	29	0	103	5,5	15,5	0,5	0,5	309
Aðkeypt þjónusta uppsafnað	25	65	120	145	155	184	184	287	292,5	308	308,5	309	

5 SAMANTEKT

Við lok árs 2017 er gert ráð fyrir að eftirfarandi þáttum sem fjallað hefur verið um í 2. kafla verkefnisáætlunarinnar verði lokið:

- Eigendasamkomulag – rekstur verkefnis tryggður.
 - Vinna er á höndum starfsfólks Landsvirkjunar.
 - Verkefnisstjóri og starfsfólk umsjónaraðila verði innan handar eftir þörfum.
- Kostnaðargreiningu vegna aðkeyptrar rannsóknar og sérkeyrslugagna verði lokið.
 - Lagðar hafi verði inn óformlegar beiðnir um sérkeyrslu til að fá eins nákvæma mynd af kostnaði og unnt er.
 - Nákvæmra upplýsinga um kostnað vegna aðkeyptar rannsóknar hafi verið aflað.
 - Reiknaður hafi verið saman áætlaður heildarkostnaður vegna aðkeyptrar rannsóknar og sérkeyrslu gagna.
- Unnið hafi verið að þróun vísa í samstarfi við nýja eigendur
 - Verkefnisstjóri hafi unnið með væntanlegum nýjum eigendum að mótun nýrra vísa eða við gerð athugasemda vegna fyrirliggjandi vísa.
- Tekin ákvörðun um vísa verkefnisins.
 - Verkefnisstjóri hafi undirbúið vísana eftir samráðsferli við væntanlega eigendur til ákvarðanatöku á vettvangi stýrihóps verkefnisins
 - Stýrihópur hafi tekið lokaákvörðun um vísa Sjálfbærni-verkefnisins á Norðurlandi.
- Vefsíða Sjálfbærni-verkefnisins á Norðurlandi mótuð og birt.
 - Unnið hafi verið að því að koma í framkvæmd ákvörðun stýrihóps um hvaða form verður á vefsíðu verkefnisins.
 - Unnið hafi verið að mótun síðunnar í samstarfi við hönnuði.
 - Unnið hafi verið að innsetningu efnis um verkefnið og um sjálfbærni.
 - Verkefnið hafi verið kynnt í staðarmiðlum.
 - Gögn tengd vísunum hafi verið birt á vefnum eftir því sem þau verða tilbúin.
- Vöktun hafin og gagna aflað vegna ársins 2015 og 2016
 - Verkefnisstjóri hafi sótt gögn vegna vísa til viðeigandi aðila og búið gögnin í skýran búning til birtingar á vefsíðu verkefnisins.
- Kynning á verkefni á miðsvæði
 - Verkefni hafi verið kynnt í öllum skólum sem starfa á miðsvæði.
 - Verkefnið hafi verið kynnt staðarmiðlum
- Áfangar – staða verkefnis
 - Í júní og desember verður gerð grein fyrir stöðu verkþátta.
 - Í júní verður gerð grein fyrir því hvort tilefni er til að endurskoða verkefnisáætlun.